



Hanuman Jayanti

Á Hanuman Jayanti hátíðinni er fæðingu apaguðsins, Hanuman Ji, fagnað. Hanuman Ji er tákn styrks og orku. Hann er sagður hafa vald yfir steinum, geta fært fjöllin, teygt sig til skýjanna og á einnig að geta breytt sér í hvaða form sem er. Hann er yfirleitt tengdur töfrum og hæfileikum til að sigra illa anda. Hindúar dýrka apaguðinn vegna ótakmarkaðrar hollustu hans við guðinn Rama en hann stýrði



apaher sínum gegn djöflakonunginum Ravana til að hjálpa Rama að endurheimta eiginkonu sína Sita. Í þakkarskyni gaf Rama honum eilíft líf og lofaði því að hann yrði tilbeðinn samhliða sér. Það er því algengt að sjá myndir eða stytur af Hanuman við hlið mynda af Rama.

Tilbeiðsla er það að dýrka einhvern, yfirleitt guð, og sýna honum ást sína.

Musteri er trúarbygging hindúa þangað sem fólk fer til að tilbiðja guðina.

Hanuman Jayanti hátíðin er haldin í Chaitra mánuði (mars/apríl). Kvöldið og nóttina fyrir hátíðina eru haldnar sérstakar trúarathafnir í musterum þar sem apaguðinn er lofsunginn. Tilbeiðslunni líkur við sólarupprás og matarfórnum er dreift til allra en Hanuman er sagður hafa fæðst við sólarupprás. Á Indlandi fer fólk í litríkar skrúðgöngur þar sem líkneski af Hanuma Ji er borið eftir götunum og fólk dansar í

kringum það. Sumir þátttakendur í skrúðgöngunni setja á sig grímur og rófur og líkja eftir apaguðinum.

Spurningar

1. Hverju er fagnað á Hanuman Jayanti?
2. Í hvaða vestrænu mánuðum gæti hátíðin verið haldin?
3. Það eru hundruð af minniháttar guðum í hindúatrú. Hvers vegna er Hanuman svona mikið dýrkaður?
4. Hvaða eiginleika hefur Hanuman?
5. Hvernig fara hátíðarhöldin fram?